

Nd.

161. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seriur) banka-vaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimilt skal, að 7. flokkur veðdeildarinnar nemi allt að 1 milj. króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis, allt að $4\frac{3}{4}$ milj. króna. Lánsfjenu má verja til þess að kaupa veðdeildarbrjef og jarðræktarbrjef, enda sje kaupverði og vöxtum brjefanna hagað svo, að rikissjóður verði skaðlaus af kaupunum, miðað við gengi íslenskrar krónu á lántökudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Fjárhagsnefnd hefir tekið að sjer flutning á frumvarpi þessu samkvæmt ósk fjármálaráðherra, eftir að hafa athugað allnákvæmlega þörfina fyrir þeirri lánsheimild, sem hjer er farið fram á að veita ríkisstjórninni til lántöku erlendis.

Þegar ríkisstjórninni var á síðasta þingi veitt heimild til að taka 3 milj. króna lán erlendis til veðdeildarbrjefakaupa, þá bjuggust sumir við því, að þessi upphæð mundi nægja fyrst um sinn ásamt hinum innlenda markaði fyrir slík brjef. Þess var þó varla að vænta, þar sem menn höfðu dregið það árum saman að taka veðdeildarlán, vegna hinna gífurlegu allfalla veðdeildarbrjefa 4. fl., í von um, að úr rættist um sölu brjefanna eða að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma betra skipulagi á fasteignalánastarfsemina. Var því þörf slíkra lána orðin geysimikil. Hjer við bættist það, að jafnframt og veðdeildin tók til starfa á síðasta ári, þá var orðinn tilfinnanlegur veltufjárskortur í landinu, og vextir bæði af þeim ástæðum og öðrum ærið háir. Af þessu hlaut að leiða mjög mikil eftirspurn eftir veðdeildarlánum og jafnframt litill markaður innanlands fyrir brjefin.

Eins og sjá má af brjefi Landsbankastjórnarinnar, er óhjákvæmilegt, að brjefin lækka í verði frá því, sem nú er, og kjör lánþega þrengjast, ef ekkert er gert til þess að útvega markað fyrir þau.

Sem stendur sjer nefndin engin önnur ráð til þess að bæta úr þessu en þau, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Ræktunarsjóðurinn. Eins og sjá má af brjefi bankastjórnar Landsbankans, er ekki gert ráð fyrir, að hærri lántöku þurfi til veðdeildarbrjefakaupa en allt að

3 milj. króna, en nú er svo komið, að fyrirsjáanleg hættu er á því, að brjef ræktunarsjóðs seljist ekki affallalaust nema ríkisvaldið hjálpi.

Fyrir því hefir fjármálaráðherra óskað, að lánsheimild verði gefin fyrir alt að 4³/₄ milj. króna, og hefir nefndin, eftir því sem atvik liggja til, fallist á, að það verði gert.

Jafnvel þó fjárhagsnefndarmenn telji, að varlega beri að fara í erlendum lántökum, þá virðist svo, sem ekki verði hjá því komist að þessu sinni að taka það lán eða svipað því, sem hjer er farið fram á heimild til að taka. Þess ber og að gæta, að ekki virðist, að til þess geti komið, að ríkissjóði verði íþyngt með þessari lántöku.

Hjer fer á eftir brjef Landsbankastjórnarinnar.

Fylgiskjal

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 24. febr. 1927

Eins og hinu háa fjármálaráðuneyti mun kunnugt, var lokið útlánum úr 4. flokki veðdeildarinnar í ársbyrjun 1926. Með lögum nr. 26, 15. júní 1926, var veðdeildinni veitt heimild til þess að gefa út bankavaxtabrjef alt að 10 milj. kr. Í október síðastliðnum var byrjað að veita lán úr 5. flokki. Er þeim flokki nú að heita má lokið (aðeins eftir óveitt lán fyrir um 25 þús. kr.), og hefir ríkisstjórnin keypt öll bankavaxtabrjef þess flokks. Í desember sl. var 6. flokkur opnaður, og er alls búið að veita úr honum lán að upphæð 910400 kr. Af þessari upphæð liggur Landsbankinn með bankavaxtabrjef, er nema 680000 kr. Óafgreiddar liggja enn fyrir um 260 lánbeiðnir, er nema samtals um 4 milj. kr., og má búast við, ef allar þessar lánbeiðair koma til greina, að endanleg lánaupphæð muni nema nálægt 2¹/₂ milj. kr. Ennfremur verður að taka til greina, að sífelt berast að nýjar lánbeiðnir, og búast má við talsverðri viðbót síðari hluta ársins út á nýbyggingar, sem gerðar verði á komandi sumri.

Af framangreindu er augljóst, að engar líkur eru til þess, að núverandi söluverði brjefanna (89 kr.) verði haldið nema sjerstakar ráðstafanir verði gerðar. Það er með öllu óhjákvæmilegt, að gengi brjefanna lækki, þ. e. a. s. að vextir lánanna hækki, ef innlendi markaðurinn er látinn einn um að taka við brjefunum; og gengislækkunin getur vel orðið það mikil, að algerlega taki fyrir útlán úr veðdeildinni.

Leyfum vjer oss því að mælast til þess, að ráðuneytið afli sjer heimildar hjá Alþingi til þess að taka alt að 3 milj. kr. lán erlendis, til þess að kaupa fyrir bankavaxtabrjef.

Í þessu sambandi vildum vjer vekja athygli ráðuneytisins á því, að heppilegt væri, að lögnum um þessa nýju veðdeildarflokka yrði breytt þannig, að heimilt sje, að væntanlegur 7. flokkur megi vera alt að 4 milj. kr. Samkvæmt lögnum, eins og þau eru, verða flokkarnir að vera tveir (2 milj. kr. + 2 milj.

kr., eða 3 milj. kr. + 1 milj. kr.), og er það aðeins til óhagræðis og kostnaðar-
auka.

Virðingarfyllt.

Landsbanki Íslands.

Georg Ólafsson. Magnús Sigurðsson.

Til fjármálaráðuneytis Íslands.